

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á ÞÓRSHÖFN

Dagsetning	22. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúar fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Bjarni Hermannsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N66 11,877 V15 20,396
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Þórshöfn, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Olíuskilja við áfyllingarplan var tæmd í desember 2010. Nú var gerð mæling á olíuleifum í frárennsli áfyllingarplansins með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst fráveitan það próf.

Unnið er að flutningi svartolíugeymis T0154 í stöðinni og breytingum á lögnum sem tengjast þeim. Ný olíuskilja hefur verið sett upp við frárennsli þróar um svartolíugeyminn á nýjum stað. Geymirinn var botnþykktarmældur árið 2008 og þrýstiprófanir á löndunarlögn hafa borist Umhverfisstofnun. Færsla geymisins mun kalla á þrýstiprófanir á verksmiðjulögnum, nr. 680.72.00 og 680.73.00

Þrír aðrir geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Önnur mál:

Við flutning svartolíugeymisins T0154 þarf að ljúka þrýstiprófun á þeim lögnum sem breytt hefur verið við framkvæmdina. Einnig þarf að mæla olíuleifar í frárennsli nýrrar þróar.

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.